

Ljóðarammi

Við erum ekki öll fædd skáld, sumir geta ort um djúp ljóð um ástina á meðan aðrir ströggla við að finna orð sem ríma við koss. En það er í fínu lagi! Ljóðagerð á ekki að vera keppni, heldur smá orðaleikur þar sem hver og einn fær að skapa sitt eigið listaverk jafnvel þótt það sé bara um pizzu, blóm eða góðan svefn


Í þessu verkefni ætlum við að nota ljóðaramma og styðjast við nokkurskonar uppskrift að ljóði.

Með þessari aðferð geta allir samið ljóð og haft gaman af því!

Byrjaðu á því að klippa út meðfylgjandi ljóðaramma, eitt blað gefur tvo ramma. Taktu rammann með þér í göngu í nærumhverfinu. Staldrðu við þegar þú sérð eitthvað áhugavert eða við eitthvað sem þig langar að skrifa ljóð um. Horfðu í gegnum rammann fylgdu eftirfarandi uppskrift að ljóði

1. Umfjöllunarefni - titil
2. Tvö lýsingarorð
3. Þrjú sagnorð
4. Fjögurra orða setning
5. Eitt lýsandi orð

Dæmi:



Ljósastaur
hár grannur
lýsir, teygir, vísar
Birtan vísar okkur veginn
Lýsing

